

Pröstur andvarpaði með augun lygnd aftur og reyndi með herkjum að sitja uppréttur. Hann sat hokinn og starði dæsanði í hálfum hljóðum niður á parketið. Fyrir það fyrsta hafði hann ekki langað út úr húsi þetta kvöldið því ónotakenndin fylgdi honum líkt og skugginn á björtum sumardegi, auk vaktarinnar sem beið hans næsta dag í leikfangadeild Hagkaupa í Kringlunni. Klukkustundum saman þurfti hann að þvinga fram bros og sviðsetja glöðværð sem ekki hafði verið til staðar svo árum skipti. Til að bæta gráu ofan á svart drógu þau hann í teitið, Elínborg kærastan hans og Hlödver, eini náni vinur hans, og gufudu svo bæði upp með afar dularfullum hætti. Pröstur særði fram grímu sem huldi armæðuna sem þreifst við allsnægtir á hans innra þeli, innan um kunningja úr fjarlægri fortíð og ókunnugan félagskap. Pröstur vissi mætavel að hann hefði betur haldið sig heima fyrir. Hann hefði þessvegna betur rennt músarhjólinu upp og niður á tilbreytingarlausu viðmóti smettisskruddunnar þar sem gömul bekkjarsystkini, fjarskyldir ættingjar og fólk sem hann kannaðist lítið sem ekkert við sendir inn innihaldslaust þvaður um þeirra lítilvægilega líf. Pröstur úrskurðaði þó ekki um ágæti þeirra og forkunn sem eyða langþráðum frítíma sínum á smettisskruddunni, ýmist til að bera sig saman við aðra í því skyni að vinna í eigin sjálfsöryggi, vera með fíflalæti eða upplýsa fólk um ósýnilegt þrælahald samfélagsins í umráði stórfyrirtækja og ríkisstjórna. Allir sitja á rassgatinu fyrir framan skjáinn og deyja að lokum. Hann var sjálfur alveg jafn týndur í deyfðri mergðinni og líkt öllum öðrum flaut hann smávægilega um öngstræti brotsjavarins. Eftirlætis hugðarefni Prastar voru netleikir þar sem hann gat verið þýðingarmikil lífvera í stórbrotnum ævintýrum þar sem brostnir draumar tilheyrðu aðeins bláköldum raunveruleikanum. Best hefði Presti þó liðið að svo stöddu í rúminu þar sem hann hafði grátið reglulega í hverri viku, í hverjum mánuði síðastliðin ár. Nú var sælureiturinn í órafjarlægð og Presti öll sund lokuð. Samræðurnar í kringum hann breyttust í fjarlægjar drunur. Honum var ofarlega í huga hve heimskulegt það hafi verið að kúka ekki áður en hann beindi för sinni um gleðinnar dyr. Hann vissi upp á sig sökina og bölvaði sjálfum sér í sand og ösku fyrir að hafa kýlt í fötu með grashausunum sem buðu honum að kostnaðarlausu að krydda upp á tilveruna. Pröstur hafði nokkrum sinnum reykt kannabis áður og skemmt sér konunglega, en skunkurinn sem honum var boðið að þessu sinni var allt of sterkur fyrir horaðan slána á sjöunda bjór. Veröldin í kringum hann varð að móðukenndum grátónum einum saman á meðan Pröstur reyndi að standa hversdagslega upp til að komast á salernið. Hann fann hvernig hin vægðarlaus ógn sem hann hafði aðeins heyrt getið til um í svæsnustu djammisögum breiddi út faðm sinn. Með hverjum hægfara andardrættinum var honum deginum ljósara að hann var á sjálfri hvítunni. Veruleikinn tók að hiksta líkt og vanrækt hljómplata á meðan Pröstur féll úr eldglæringum skemmtanalífsins niður í kalda ösku hófleysisins. Pröstur hafði ekki nært sig á öðru en steiktum kjúkling og frönskum úr kjötbörði Hagkaupa í þeim hálf tíma matarpásunum sem honum voru úthlutaðar. Þar að auki var hann einnig á þunglyndislyfjum sem með hjálp óútreiknanlegra aukaverkana sáu til þess að hægðirnar gátu verið jafn óreglulegar og veðrið á vesældarfróninu sem hann var dæmdur til að hrærast á. Honum var ævinlega sagt að gleði í pilluformi væri gjöf en ekki gjald. Eftir að hafa ráfað riðlaður um íbúðina náði Pröstur loks á áfangastað. Ekki leið á löngu þar til að kom í ljós að hægðirnar voru bæði eitilharðar og afar óvingarnlegar viðureignar. Hann gat varla haldið augunum opnum á meðan veröldin hringsnérist taktlaust út og suður. Nú hafði fyrirhuguð skemmtisigling endanlega umbreyst í harmleik og hann kastaði upp flötum bjór og hálf meltum skyndibita yfir sig allan. Hann var ekki í ástandi til að vega og meta hvað var að eiga sér stað í raun og veru þar sem hvítan hafði tekið meðvitund hans í afar stutt en djúptækt ferðalag inn á við þar sem ömurleikinn togaðist á við eymdina og eymdin á við sjálfshatrið. „Hingað reika aðeins langveikir andar Pröstur, í þessum forarpytt mátt þú gleymast að eilífu“ mælti rödd sem var ekki hans eigin á meðan hann kastaði upp með náladofa í andlitinu. Þörstur var handviss um að nú væri geðheilsan endanlega á hverfanda hveli. Hér á þessu salerni mátti hann kúldrast í faðmi hvítunnar og biðja fyrir skjótum dauðdaga sem kom honum ekki til bjargar þetta kvöldið. Eftir að þreyta glímu við kingumstæðurnar safnaði hann kröftum til að hysja upp um sig og fann hvernig köld ælan lagðist upp að buxunum. Hann var of máttlaus til að losa sig við skyndibitann sem hafði

safnast saman í iðrum hans og hann var staðsettur einhverstaðar í myrkviðum Hafnarfjarðar. Hann yrta ekki á nokkurn mann eftir að hann steig út af salerninu og tók þá ákvörðun að hringja á leigubíl. Þröstur hafði ekki fyrir því að leita uppi Elínborgu né Hlöðver í ljósi þess að þau hurfu á undan honum og hann vildi síst af öllu að Elínborg sæi sig í þessu ástandi.

Þröstur tók þá ákvörðun að fá sér sígarettu á meðan hann beið í einskærri hrellingu eftir leigubílnum. Þegar bifreiðarstjórinn mætti loks á svæðið gaf hann Presti öflugur merki um að stíga upp í farartækið og það var þá sem hápunkti hvítunnar var náð, enda gera sígarettur engum gott nema þeim sem er ekki annt um eigin líkama. Neikvæðar hugsanir sem ásóttu hann allan liðlangan daginn allsgáðan eður ei stigu nú fjörlegan dans með fortíðardraugunum sem hann hafði svo lengi reynt að flýja. Hann gubbaði í leigubílinn og bifreiðarstjórinn grenjaði á Þröst í brennandi bræði sinni þungaða af langvarandi þreytu. Þegar þeir nálgudust Hlíðarnar þar sem Þröstur hafði búið síðan hann missti foreldra sína baulaði bifreiðarstjórinn á Þröst að hann stæði frammi fyrir tveimur óhagganlegum úrslitakostum. Sá fyrri var að greiða þrefalt verð og sá seinni að þrifa bílinn sjálfur. Þar sem Þröstur var ekki í ástandi til að bursta í sér tennurnar straujaði hann kreditkortid upp á fimmtán þúsund krónur. Færslan var sár. Ein eymdin bíður annari heim. Þröstur vaknaði fullklæddur um tvö leitið. Þrátt fyrir að langdregnir dagarnir voru undantekningarlaust gráir frá upphafi til enda hafði þessi dagur sveipt yfir sig hulu angursemdar sem íslenskur orðafordi nær aldrei nokkurn tímann yfir. Hann reyndi að púsla saman því sem hafði átt sér stað í gær og fann hann fljótlega hve sárt hann þurfti að ganga örna sinna. Eftir að hafa þirt augun kjökrandi í drjúga stund gat Þröstur ekki tára bundist lengur. Farsíminn var straumlaus eftir nóttina og því bauð vekjaraklukkan honum ekki góðan daginn. „Meh“ sagði hann upphátt, Þröstur var þegar tveimur og hálfum tíma of seinn til vinnu auk þess að vera löðrandi í harnaðri ælu. Eftir átakasamat korter á salerninu fór Þröstur í heita sturtu til að skola af sér minnisvarða gærkvöldsins. Hausverkurinn var óbærilegur, enda á áfengisdauði ekkert sameiginlegt með svefni og leikur heilastarfsemina grátt. Þröstur ræsti farsímamann og sá að Elínborg hafði reynt að hringja þrisvar sinnum kvöldið áður og það hlýjaði honum um hjartarætur, en hans biðu einnig ósvöruð símtöl frá verslunarstjóra hagkaupa.

Verslunarstjórinn var með þráð á lengd við filakaramellu og ekki þurfti mikið til þess að vekja upp súrrandi stress sem bitnaði á samstarfsmönnum hans, enda vekja þjónustustörf upp það versta í manneskjunni. Þröstur lét Elínborgu sitja á hakanum í þetta skipti. Hann hafði öðrum hnöppum að hneppa, enda nauðsynlegt að koma með sannfærandi afsökun fyrir að mæta svona seint til vinnu. Í leikfangadeildinni hafði Þröstur göfugum skyldum að gegna þar sem allt þurfti að vera í himnalagi svo að kunnarnir nytu sem ánægjulegastar reynslu af viðskiptunum. Það sem einkenndi starfið fyrst og fremst voru frekjuköst og bugaðir foreldrar. Þröstur lenti í hverju ævintýrinu á fætur öðru í leikfangadeildinni, þangað til að loks kom að hinu langþráða fríi þriðju hverja helgi, og þá þurfti hann að hafa sig allan við til að drekka ekki yfir sig fyrir kvöldverðarleyti. Þegar Þröstur hafði athafnað sig á salerninu heilsaði hann upp á Lúðvík afa sinn sem sat inni í stofu, reykti pípuna sína á áfergu og las fréttablaðið.

Lúðvík brá í brún þegar hann sá náfölan drenginn styðja sig upp við vegg og vera en ekki farinn til vinnu. Afi Þröstar sá ávallt í gegnum grímuna sem Þröstur bar, grímuna sem var tekin að molna utan af þreytulegu andlitinu. Hann þekkti einkennin vegna þess að eiginkona hans, Rakel, var sjálf lömuð á líkama og sál vegna langvarandi þunglyndis. Foreldrar Þröstar gengu í framliðinna tölu eftir bílslysi á leiðinni heim af Þorrablóti þegar Þröstur var aðeins ellefu ára gamall og afi hans og amma í föðurætt tóku hann upp á sína arma þar sem þau voru vel stæð og móðurættin kærði sig ekki um að frekari afskipti af börnum. Þröstur sagði afa sínum að hann hefði drukkið yfir sig kvöldið áður og Lúðvík svaraði tómlega að bragði „annað eins hefur nú gerst á bestu bæjum“. Hann hellti upp á kaffi, tottaði pípuna greypilega og bauðst til að skutla Presti til vinnu. Lúðvík sagði ævinlega við Þröst að þegar auðæfi farsældarinnar virtust handan seilingar væri nóg að muna aðeins eitt orð sem gerði gæfumuninn. Gæs Þröstur, gæs! Ég get, ég ætla og ég skal! Ég get, ég ætla og ég skal seilast eftir auðæfum farsældarinnar! „Þú ættir ekki ekki að láta heiminn plaga þig drengur, þú hefur alla burði til að láta drauma þína ræstast“ mæti Lúðvík gjarnan þegar Þröstur kom sér ekki á fætur þær fáu helgar sem Þröstur var í fríi, en forhertur hugur Þröstar lét það sem vind um eyru þjóta. Lúðvík hafði ekki verið ástfanginn af Rakel í áratugi, enda eltis fegurðin hratt

af henni og hún gifti sig bersýnilega til fjárs þar sem Lúðvík erfði kvóta. Eftir að Rakel hafði sökkt sér í fræði Schopenhauer's gat Lúðvík talið þau skipti á annari hendi þegar það mótaði fyrir brosi á fúnu andliti hennar. Lúðvík var ekki svartsýnn eins og Rakel þrátt fyrir að hafa misst sitt eina afkvæmi og setið uppi með Þröst. Lúðvík var glaðvær, jákvæður og bjartsýnn, algjör andstæða við eiginkonu sína. Hún fór afar sjaldan á fætur án þess að um brýnt erindi væri að ræða, og brýn erindi snérust eingöngu um líf, dauða og kaffi, eins og hún orðaði það sjálf. Í þau fáu skipti sem Rakel sást á fótum blaðraði hún einungis um daufleika lífsins og hve innvirðulega hana hlakkaði til að geispa golunni. Um það leyti sem bekkjarsystkini Þrastar fermdust gjammaði Rakel í tíma og ótíma um hve geta einstaklingsins til að blómstra í heimi ördeyðu væri afmörkuð. Rætur hjartans taka ekki aðeins næringu úr frjóum jarðveginum, þær verða óhjákvæmilega illgresi jarðarinnar að bráð. Glæstustu fyrirhuganir hvers og eins í hinum vestræna heimi eru of stórar og langsóttar fyrir deyjandi hjarta að seilast eftir. Það er ekki þess virði að eyða orku í eltingarleik við draumóra. Tómlaikinn væri hvort ed er ávallt til staðar, jafnvel eftir að eitthvað rættist úr draumunum. Ræna manneskjunar var aðeins gloppótt ritgerð sem gleymist að vista eftir dauðann, þegar manneskjan verður að því sama og hún var áður en hún dregur fyrsta andardráttinn, að engu. Rakel sagði einnig reglulega að þegar lífið hættir að snúast um að lifa af vaknar manneskjan dæmd til sjálfsvitundar í firnindum, í heimi þar sem brunnar hug- og andlegra allsnægta þorna upp af eigin höndum. Svona gat hún haldið endalaust áfram. Um árabíl þurfti Þröstur að hlusta á masið í ömmu sinni sem hann sá svo sjaldan og ekki þorði hann að áreita hana þegar hún starði tómlæga upp í loftið ein undir sæng. Þröstur lærði því með tímanum að efast ekki aðeins um sig sjálfan heldur einnig um allt sem honum var kennt. Einstaklingurinn sem slíkur er ekki alslæmur, heimurinn sjálfur er ömurlegur. Nú sá Þröstur aðeins grá mannvirki og tilgangsleysið uppmálað á alfaraleið. Hann sá bersýnilega hve bágborinn náttúran var orðin af fyrri formfegurð eftir að hún ól af sér hið illkynja krabbamein sem manneskjan er í raun og veru. Hér er ekkert andlegt að finna, aðeins raf- og róteindir flæktar saman fyrir tilviljun í það sem fyrir augu ber, eins og Rakel sagði alltaf þegar eitthvað sálrænt bar á góma. Vitanlega var Rakel ekki á fótum þennan daginn svo þeir Lúðvík og Þröstur gerðu sig reiðubúna til brottfarar án þess að kveðja hana. Lúðvík skutlaði Þrösti ekki að ástæðulausu í vinnuna.

Hlödver klessti bifreið Þrastar fyrr í vikunni þegar hann fékk hann að láni til eigin erindagjarða og hafði ekki fjármagnið til að greiða niður tjónið að svo stöddu. Þegar Kringlan var í sjónfæri yfirgaf Þröstur bifreiðina og þakkaði fyrir farið í hálfum hljóðum. Hann kveikti sér í sígarettu og sló á þráðinn til Elínborgar. Eftir stutta bið ansaði Elínborg. „Sæl Mjallhvít“ mælti hún í nöprum hæðnistón og blóðið storknaði í æðum Þrastar. Hún vissi þá allt. „Meh“. Eftir stutt samtal sagði hún Þrösti að mæla sér móts við sig eftir vinnu og slengdi á án þess að kveðja. Þröstur stóð í rigningunni sem eitt spurningarmerki. Eðlilega sáu einhverjir til hans drattast út af salerninu kvöldið áður og út breiddist sagan af Mjallhvíti í kjölfarið eins og eldur í sinu. Hann hélt því hokinn og niðurlútur til vinnu og var of utan við sig til að skálda afsökun fyrir fjarveru sinni. Þegar þangað var komið var verslunarstjórinn sjálfur í framan eins og radísa og fáeinum mínútum síðar drattaðist Þröstur atvinnulaus út úr Kringlunni með tárin í augunum. Þrátt fyrir að hann hataði vinnuna og samstarfsmenn sína þurfti Þröstur á peningum að halda sér til lífsviðurværis. Hann hugsaði með sér að skárri kostur væri að halda á leið til Elínborgar sem leigði íbúð ásamt vinkonum sínum stuttum spöl frá Kringlunni en að labba aftur heim og segja afa sínum frá því sem átti sér stað í Kringlunni. Þegar til Elínborgar var komið gekk Þröstur inn af gömlum vana án þess að gera vart við sig þar sem hann kunni illa við vinkonur hennar. Fljótlega þegar hann nágaðist herbergi Elínborgar fann hann innra með sér að ekki var allt með feldu. Þröstur greikkaði sporið og heyrði fljótlega falskar stunur Elínborgar sem hann kannaðist svo vel við. Reiðin sauð innra með honum. Hann lagði við hlustir á meðan köld svitaperla myndaðist á enninu. Á því lék ekki nokkur vafi að einhver hjakkaðist á Elínborgu hinumegin við dyrnar. Þröstur strunsaði hugsunarlaust í taumlausu vonskukasti í átt að forstofunni og þegar hann tróð sér öngugur í skónna blasti við honum sjón sem súrnaði í augun. Þarna voru fjólubláu skórnir sem Þröstur hafði skrifað á sig fyrir Hlödver þar sem Þröstur fékk starfsmannaafslátt. Veröldin féll í kringum hann líkt og spilaborg. Þröstur hefði öskrað úr reiði en sorgin hafði lamað raddfæri hans, og því sparkaði hann upp útidyrnum og óð út í grámóskulegt haustregnið. Þau höfðu verið saman í fimm

mánuði og hún virtist kunna vel við Þröst eins og hann var úr garði gerður. Nú var Þröstur endanlega fásinni í nakinni einsemd sinni. Eins og Rakel hafði einu sinni sagt dæsandi yfir kvöldverði var ávallt nótt þegar ekki var dagur, ekki dagur þegar ekki var nótt. Heimurinn er myrkur og illur í sjálfum sér. Það var hvorki einstaklingurinn sem mótaði aðstæðurnar né aðstæðurnar sem mótuðu einstaklinginn. Þetta var bara lífið. Röð tilviljanna í fullkominni mótsögn við allt sem Presti var í hag. Lífið gekk stefnulaust sinn vana gang án þess að virða hann viðlits. Þröstur gekk hokinn áfram án leiðarenda og velti engu fyrir sér öðru en því sem hafði gerst. Hatrið og bræðin sem brann innra með með honum brann loks yfirum og varð að kaldri ösku. Innra með honum var ekkert að finna nema gapandi svarthol sem gleypți alla jákvæða hugsun, líf hans var líkt og framliðin stjarna, því ljós hans sem loks barst að jörðinni var aðeins skuggi hins sjálfdauda sjálfs. Að lokum kom Þröstur að Nauthólsvík. Það var ekki komið kvöld enþá, en tekið var að rökkva hægum en afdráttarlausum skrefum. Þröstur gekk meðfram grynningunum, of orkusnaður, of farmlaus til að særa fram hið smæsta tár. Hann starði út eftir blágráum firnindunum og það eina sem hann fann samtvinnað vesaldómnum var hversu hugfanginn hann var af endilangri auðninni sem blasti við honum. Hann nam staðar í stundarkorn og stóð bugðulaus í fyrsta skipti þennan daginn. Hann starði sem dáleiddur fram í tómið og ekki leið á löngu áður en Þröstur gekk beint að augum út í nístingskaldan sjóinn, en tótleikinn innra með honum var ónotunum yfirsterkari. Hann gekk lengra, og lengra, þar til að sjórinn náði honum upp að mitti, og það var þá sem hann lét sig falla niður og dróg djúpt að sér andann. Auðæfi farsældarinnar, hér kemur Þröstur.